

Nd.

567. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenskum skipum.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Aftan við 49. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Undanþegin ákvæðum 1. málsg. þessarar greinar um skyldu til að hafa stýri-
mann auk skipstjóra eru fiskiskip og bátar undir 30 rúmlestum, ef þeim er ætlað að
leggja afla sinn á land daglega eða stunda sildveiðar tveir um nótt.

2. gr.

Aftan við 1. málsg. b-liðs 51. gr. laganna bætist:

Undanþegin ákvæðinu um aðstoðarmann í vél eru þó öll fiskiskip, sem hafa
minni vél en 800 hestafla.

d-liður sömu gr. laganna orðist svo:

Á eimskipi með meira en 1200, en ekki yfir 2500 hestafla vél, skal vera í minnsta lagi einn yfirvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkv. 33. gr., og tveir undirvélstjórar, sem öðlazzt hafa skirteini samkv. 31. gr.

Sé skipið farþegaskip og vél þess yfir 1800 hestafla, skal það auk þess hafa einn aðstoðarvélstjóra, sem öðlazzt hefir skirteini samkv. 29. gr.

e-liður sömu gr. laganna orðist svo:

Á eimskipi með yfir 2500 hestafla vél skal vera að minnsta kosti einn yfirvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkv. 33. gr., tveir undirvélstjórar, sem öðlazzt hafa skirteini samkv. 31. gr., og einn aðstoðarvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkv. 29. gr.

3. gr.

c-liður 52. gr. laganna orðist svo:

Á mótorskipi með meira en 50, en ekki yfir 150 hestafla vél skal vera í minnsta lagi einn vélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkvæmt 38. gr., og einn undirvélstjóri, sem öðlazzt hefir skirteini samkvæmt 36. gr. Fiskiskip og bátar, sem ætlað er að koma daglega að landi með afla sinn, eða stunda sildveiðar tvö um nótt, eru þó ekki skyld til að hafa undirvélstjóra, ef skipstjóri hefir öðlazzt vélgæzluréttinda-skirteini samkvæmt 36. gr.

4. gr.

Á eftir 1. málsgr. 57. gr. laganna kemur ný málsgr., svo hljóðandi:

Þetta ákvæði tekur þó ekki til réttinda til skipstjórnar á varðskipum ríkisins, nema þau séu fengin með siglingatíma á þesskonar skipum, innlendum eða erlendum, samkv. ákvæðum 21.—23. gr. þessara laga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.